

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um fjármál trúfélaga og lífsskoðunarfélaga.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvernig er eftirliti með fjármálum trúfélaga og lífsskoðunarfélaga háttað samkvæmt lögum nr. 108/1999, um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög?
2. Hversu tíð voru sein skil og vanskil af hálfu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga á skýrslum um starfsemi skv. 5. gr. sömu laga á árabílinu 2013–2018?
3. Telur ráðherra rétt að herða viðurlög við því að trúfélög og lífsskoðunarfélög skili ekki eða vanræki að skila skýrslu um starfsemi á tilsettum tíma?
4. Telur ráðherra rétt að gera kröfur um frekari upplýsingar í skýrslum um starfsemi trúfélaga og lífsskoðunarfélaga með tilliti til fjárhags félaganna og ráðstöfunar fjármuna þeirra? Kemur til greina að skylda slík félög til að skila ársreikningum í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga?

Skriflegt svar óskast.